



Til skóla og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi opnunartíma leikskóla

Á 199. fundi skóla frístundaráðs 26. janúar 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 18. ágúst 2020 voru lagðar til breytingar á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar tímabundið vegna Covid-19. Samþykkt var að almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar yrði frá kl. 07:30 til 16:30 og ætti breytingin að standa til 31. desember 2020. Nú er janúarmánuður senn á enda og samþykktin löngu fallin úr gildi án þess að opnunartíma leikskólanna hafi verið breytt til fyrra horfs. Hver er ástæða þess að opnunartími leikskólanna hefur ekki verið breytt í samræmi við samþykktina og hvar og af hverjum hefur sú ákvörðun verið tekin?

Svar:

Á 199. fundi skóla- og frístundaráðs þann 18. ágúst sl. var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að vegna aðstæðna er varða Covid-19 verði samþykkt að til 31. desember 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30. Þá var lögð fram breytingartillaga af hálfu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Tillaga sviðsstjóra var lögð fram að nýju á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. september 2020 auk tveggja breytingartillagna skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og jafnframt tillaga sviðsstjóra um að vegna aðstæðna er varða Covid-19 sé lagt til að samþykkt verði að til 31. október 2020 verði almennur opnunartími leikskóla Reykjavíkurborgar frá kl. 07:30 til 16:30. Eigi síðar en um miðjan október liggi fyrir mat á því hvort nauðsynlegt sé að framlengja samþykktina. Síðastgreind tillaga sviðsstjóra var samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og vísað til borgarráðs.

Á fundi borgarráðs þann 17. september 2020 er lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 15. september 2020, þar sem tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á opnunartíma leikskóla Reykjavíkurborgar vegna COVID-19 er send borgarráði til kynningar, ásamt fylgiskjöllum.

Á fundi borgarráðs lögðu borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fram svohljóðandi bókun:

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til ráðstafana þegar almannavarnaástand skapast til að endurskipuleggja og forgangsraða lögbundinni þjónustu, samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaeill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Viðbragðsáætlun neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar gerir ekki ráð fyrir því að einstakar breytingar á þjónustu leiði til breytinga á reglum um þjónustuveitingu borgarinnar. Þær eru tímabundnar í eðli sínu og geta þurft að taka breytingum með skömmum fyrirvara. Því er ekki lagt til að þær breytingar sem ákveðnar hafa verið á opnunartímum leikskóla séu staðfestar í borgarráði heldur verði áfram um þær fjallað á vettvangi neyðarstjórnar og staðan endurmetin þar reglulega í samræmi við viðbragðsáætlanir almannavarna líkt og gert er varðandi aðra þjónustu borgarinnar og breytingar á henni vegna sóttvarna.

Á fundi neyðarstjórnar Reykjavíkur, mánudaginn 25. janúar 2021, óskaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs eftir heimild neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar til þess að halda óbreyttum opnunartíma í leikskóla í janúar og til loka febrúar, þ.e. út gildistíma reglugerðar um takmarkanir í skólastarfi vegna heimsfaraldurs Covid-19 með þeim rökum að enn værum við á neyðarstigi vegna faraldursins. Einnig eru ennþá í gildi strangar reglur þar sem ráðstafanir skulu gerðar til þrifa og sóttthreinsunar leikskólahúsnæðis eftir hvern dag. Neyðarstjórn samþykkti beiðnina.